

Í samræmi við grein 2.3 í samstarfssamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um rekstur skíðasvæðanna gerir SSH f.h. sveitarfélaganna og ÍTR með sér eftirfarandi samning:

1. gr.

ÍTR hefur ábyrgð á gerð starfs- og fjárhagsáætlunar og fjárreiðum, bókhaldi og uppgjörsmálum og ýmsum öðrum þjónustupáttum við skíðasvæðin sbr. eftirfarandi:

Bókhald:

- Móttaka reikninga og skráning bókhalds.
- Uppgjör - milliuppgjör og ársuppgjör.
- Gerð sölureikninga.
- Afstemming bankareikninga.
- Umsjón með viðskiptakröfum og innheimta

Fjármál og endurskoðun:

- Fjárhagsáætlanagerð
- Samskipti við innkauparáð vegna útboðsmála.
- Samskipti við Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og Umhverfis- og skipulagssvið vegna framkvæmda og viðhalds og eftirliti með eignum.
- Tillögugerð vegna gjaldskrármála í samvinnu við framkvæmdastjóra og samstarfsnefnd.
- Endurskoðun í samræmi við endurskoðun borgarstofnana.
- Annast uppgjör við sveitarfélögin. Við uppgjör hvers árs skal miðað við íbúatölu sveitarfélaganna 1. des. næst liðins árs.

Starfsmannamál:

- Gerð og skráning ráðningarsamninga
- Greiðsla launa
- Umsjón með skattkortum og uppgjóri skattgreiðslna
- Umsjón með skilum gjalda launþega
- Stuðningur við stjórnendur vegna kjaramála og almennra starfsmannamála

Almenn skrifstofuþjónusta:

- Skráning fundargerða
- Almenn skjalavarsla
- Undirbúningur funda
- Útsending bréfa
- Gerð samninga
- Lögfræðiþjónusta
- Boðun funda
- Framkvæmdastjóri skíðasvæðanna fær aðstöðu hjá ÍTR.

2. gr.

Starfsmenn skíðasvæðanna eru starfsmenn ÍTR og um þá gildir starfsmannastefna Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar annast fjármála- og stjórnsýsluúttekt eins og á öðrum rekstri Reykjavíkurborgar.

4. gr.

ÍTR mun leggja þau mál sem þurfa þykir fyrir innkauparáð og innkaupadeild í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar. Um ákvarðanir um gerð samninga vegna innkaupa, viðhalds og framkvæmda verður farið eftir reglum Reykjavíkurborgar.

5. gr.

Um gjaldskrá máli skíðasvæðanna verður farið með sama hætti og aðrar gjaldskrár hjá ÍTR. Þá mun gjaldskráin verða lögð fyrir samstarfsnefnd skíðasvæðanna eftir að forsendur fjárhagsáætlunar hverju sinni liggja fyrir.

6. gr.

Áætlun um framkvæmdir og sundurliðun framkvæmdafjár til áhalda- og tækjakaupa, nýframkvæmda, stærri viðhaldsverkefna skal leggja fyrir samstarfsnefnd skíðasvæða og eigendavettvang skíðasvæðanna.

7. gr.

ÍTR mun reglulega veita aðildarsveitarfélögum og stjórn SSH upplýsingar um stöðu rekstrar og framkvæmda. Samstarfsnefnd skíðasvæðanna hefur eftirlit með þjónustusamningi þessum.

Kópavogi, 6. janúar 2014.

f.h. eigendavettvangs skíðasvæða
höfuðborgarsvæðisins
skv. ákvæðum samstarfssamnings um
rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Íþrótt- og tómstundasvið
Reykjavíkurborgar